



Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands

Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápu mynd: Stefanía Ósk Ómarsdóttir

Umbrot: Steinunn Björk Bjarkard. Pieper og Christopher Nicholas Lamoreaux

© 2013 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032


Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN</b>	<b>3</b>
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b>	<b>4</b>
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða	5
<b>STARFSEMIN INNANLANDS</b>	<b>6</b>
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Aðstoð og upplýsingagjöf	7
Fundir, námskeið og aðrir viðburðir	8
Önnur samstarfsverkefni	12
Framlag til funda og málstofa	13
Mannréttindafræðsla	13
Fjölmiðlar og opinber umræða	13
Styrkir til rannsókna og fleira	13
Skýrslur	14
<b>ERLENT SAMSTARF</b>	<b>16</b>
Human Rights Education Project	16
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	16
Sameinuðu þjóðirnar	18
Evrópuráðið	18
Evrópusambandið	18
Norrænt samstarf	18
Próunarsjóður EFTA	19
Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX	20

# INNGANGUR

## framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök fjórtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, COST verkefni ESB, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Þróunarsjóði EFTA og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla á ýmsum vettvangi, átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, lögfræðiráðgjöf við innflytjendur, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, uppbygging bókasafns, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu. Árið 2013 var einnig fimmta árið sem skrifstofan hafði með höndum umsjón með verkefnum styrktum af Progress- sem er áætlun Evrópusambandsins um atvinnu og félagslega samstöðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2013 voru útgáfa skýrslu um hatursræðu (rafræn útgáfa),

undirbúningur auglýsingaherferðar í útvarpi og á samfélagsmiðlum til að vekja fólk til vitundar og umhugsunar um mismunun og framangreint tengiliðarstarf. Skrifstofan átti enn fremur aðild að ráðstefnu um kynferðisofbeldi gegn fötluðum auk þess að flytja erindi eða taka þátt í pallborðsumræðum á ýmsum málþingum og ráðstefnum.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. um mismunun, hatursræðu og mannréttindi almennt. Skrifstofan svaraði á tímabilinu erindum frá ýmsum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og hérlendis, frá sendiráði Bandaríkjanna og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu og styrkingu bókasafnsins. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Skrifstofan sinnti einnig lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt þjónustusamningi við velferðarráðuneyti. Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, samráðshópi um mansal, samráðshópi um konur frið og öryggi, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga, teymi um málefni innflytjenda og samráðshópi um um mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna.

MRSÍ nýtur fjárframlags frá innanríkisráðuneyti auk þess sem skrifstofan gerði samstarfssamning til þriggja ára við utanríkisráðuneyti og þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var endurnýjaður til eins árs. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri

# AÐILDARFÉLÖG og stjórn

## Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn

Á aðalfundi 2013 voru tilnefningar til stjórnar og kjörnefndar samþykktar samhljóða. Ekki var kosið til formanns þar sem Bjarni Jónsson, aðalfulltrúi Siðmenntar, var kjörinn formaður til tveggja ára á aðalfundi 2012. Halldór Gunnarsson, varafulltrúi Landsamtakanna Proskahjálpar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var kosið um embætti varaformanns. Hlaut Uglya Stefanía Jónsdóttir, aðalfulltrúi Samtakanna 78 kosningu í embættið. Huguín Hjaltadóttir, aðalfulltrúi Jafnréttisstofu var kosin gjaldkeri. Anna M. Þ. Ólafsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir sitja áfram í kjörnefnd ásamt Ragnheiði Sverrisdóttir sem tók við af Huguínu Hjaltadóttur. Endurskoðandi skrifstofunnar var kjörinn Hjalti Eiríksson hjá Deloitte. Sérfræðingar stjórnarinnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller, Hjördís Hákonardóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

### Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz

Varafulltrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

### Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Guðrún Kristinsdóttir

Varafulltrúi: Erna Reynisdóttir

### Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir

Varafulltrúi: Toshiki Toma

### Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst Þ. Árnason

Varafulltrúi: Aðalheiður Ámundadóttir

### Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Þórdís Ingadóttir

Varafulltrúi: Gunnar Þór Pétursson

### Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Anna M. Þ. Ólafsdóttir

Varafulltrúi: Jónas Þórisson

### Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Huguín R. Hjaltadóttir

Varafulltrúi: Tryggvi Hallgrímsson

### Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir

Varafulltrúi: Anna G. Ólafsdóttir

### Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Kristján Sturluson

Varafulltrúi: Sólveig Ólafsdóttir

### Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Uglya Stefanía Jónsdóttir

Varafulltrúi: Örn Danival Kristjánsson

### Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson

Varafulltrúi: Hope Knútsson

### UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Pétursdóttir

Varafulltrúi: Regína Bjarnadóttir

### Landssamtökin Proskahjálpar:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir

Varafulltrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

### Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon

Varafulltrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

# FJÁRMÁL og rekstur

## Fjármál

Síðan 2008 hefur MRSÍ notið 10 milljón króna framlags frá innanríkisráðuneyti. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið var endurnýjaður en hann hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur sem og styrkur úr PROGRESS-sjóði ESB. Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var framlengdur til eins árs og kemur starfsemi einnig til góða. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.

## Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Halla Pórey Viktorsdóttir gegndi starfi verkefnastýru fram til ágústloka og tók Steinunn Björk Pieper við starfi hennar, en hún starfaði áður á skrifstofunni frá 2009-2011. Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur gegnir einnig fullu starfi við skrifstofuna. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Fram á vor var Luliana Kalenikova, lögfræðingur frá Úkraínu, í starfsþjálfun á skrifstofunni og í september kom Krisztyna Petka, frá Ungverjalandi í fjögurra

mánaða starfsþjálfun. Framkvæmdastjóri og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

## Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hafa nú eigin skrifstofur, fundaraðstaða er góð og í fyrsta sinn í starfsemi skrifstofunnar hefur nú bókasafninu verið komið fyrir í eigin herbergi á viðunandi máta.

Hallveigarstaðir er sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags Kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélag Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtök þau, er að eigninni standa, gangast fyrir.



**Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofa er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík.**

**Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmlegt og bjart.**

## Bókasafnið

Frá stofnun MRSÍ hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslufni og tímaritum um mannréttindamál, en skrifstofan er áskrifandi að Úlflióti, Tímariti lögfræðinga og Maastricht Journal of European and Comparative Law. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en leitað er til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemendum og kennurum sem og almenningi eftir efni um mannréttindamál.

Hluti bókasafnsins er skráður í Gegni sem er samskrá íslenskra bókasafna og er hægt að leita að þeim bókum á leitarsíðunum gegnir.is og leitir.is. Er stefnan að skrá inn allt efni sem til er á safni skrifstofunnar í Gegni svo það sé sem aðgengilegast. Þangað til það verður mögulegt halda starfsmenn skrifstofunnar skrá um efnið og má leita til okkar eða koma á bókasafnið til þess að leita að efni.

## Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar s.s. á vefsetri um mannréttindi en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla.

Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefni Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvinnasáttmálann og vefleikinn Flóttu. Vefurinn er uppfærður eins og kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. verið að safna saman ýmsu fræðslufni fyrir unglínga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar,

[www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is) :

- Mannréttindi í þrengingum
- Bann við mismunun
- Réttindi transgender fólks á Íslandi
- Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar

**Bókasafn Mannréttindaskrifstofu er aðgengilegt á skrifstofunni á Hallveigarstöðum. Á bókasafninu má fá lánaðar bækur og einnig býður aðstaðan upp á skrifborð og stól þar sem hægt er að fá náms – og lestrarnæði.**



# STARFSEMIN

## innanlands

### Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til næstu sveitastjórnarkosninga 2014, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 582 – 458. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 604 – 470. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum í fjölskyldu- og öðrum trúnaðarsamböndum). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 616 – 478. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur) 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 631 – 490. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu á þjóðarmorði á Armenum. 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 190 – 187. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.) 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 527 – 420. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (stefnandi faðernismáls). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 370 – 323. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar (frítekjumark líffeyris). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 573 - 454. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um líffeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning. Lagt fyrir á 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 1116 – 636. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um útlendinga, 141. löggjafarþing 2012 -2013, þingskjal nr. 917 – 541. mál
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 með síðari breytingum (mismunun á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot).
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja). Lagt fyrir á 142. löggjafarþingi 2013. Þingskjal nr. 14 – 14. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Lagt fyrir á 142. löggjafarþingi 2013, þingskjal nr. 6 – 6. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/199 (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir). 142. löggjafarþing 2013. Þingskjal nr. 40 - 25. mál.
- Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands; drög að fjórum frumvörpum til laga á sviði jafnréttismála.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.). 143. löggjafarþing 2013- 2014. Þingskjal nr. 3 - 3. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til



þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 73 – 73. mál.

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna er snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 100 – 97. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 29 – 29. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar, 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 89 – 89. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/199, með síðari breytingum (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir). Lagt fyrir á 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 162 – 144. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottmál líffæra, nr. 16/1991 (ætlað samþykki), 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 34 – 34. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildarlög útlendinga. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 151 – 136. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum nr. 80/2011 um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn). 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 232 – 186. mál.

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta o.fl.). 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 211 – 176. mál.

## Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastjóri er fulltrúi Mannréttindaskrifstofu í teymi um málefni innflytjenda, sem er samráðsvettvangur stofnana ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum innflytjenda. Hún situr einnig í vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga. Velferðarráðherra skipaði framkvæmdastjóra til setu í Velferðarvaktinni, sem sett var á stofn 2009 til að meta áhrif efnahagshrunsins á þjóðfélagið og ekki síst stöðu þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu. Framkvæmdastjóri situr enn fremur í samráðshópum um; mansal, konur frið og öryggi (um framkvæmd Íslands um ályktun ÖSP nr. 1325), mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna.

## Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.



Grundtvig fundur í Kaupmannahöfn

**Þátttakendur, þ.á.m. fulltrúi MRSÍ, á ráðstefnu Grundtvig í Kaupmannahöfn þar sem lögð var áhersla á lögfræðiráðgjöf til innflytjenda. Starfsemi CePi, eða Centre for Positive Integration, var kynnt þátttakendum sem var einnig boðið til Nørrebro þar sem CePi starfar.**

## Fundir, námskeið og aðrir viðburðir

### Ráðstefna um Ístanbúl-samning Evrópuráðsins

Framkvæmdastjóri var hluti af sendinefnd frá Íslandi sem sótti ráðstefnu á vegum finnska þingsins, utanríkisráðuneytisins og Evrópuráðsins í Helsinki þann 17. janúar 2013. Á ráðstefnunni var fjallað um nýlegan samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Ístanbúl samning.

### Sitja allir við sama borð?

Öryrkjabandalag Íslands boðaði til opins fundar, þann 20. febrúar 2013, með fulltrúum þeirra stjórnmalaflokka sem hugðust bjóða fram til alþingiskosninga 2013. Rædd var afstaða stjórnmalaframboða til framtíðar sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Íslandi. Eftir framsöguerindi frá Rannveigu Traustadóttur og Brynhildi Flóvenz lögðu framkvæmdastjóri MRSÍ, Guðmundur Magnússon, formaður ÖBÍ og Gerður A. Árnadóttir, formaður landsamtakanna Proskahjálpar spurningar fyrir fulltrúa framboðanna.

### Morgunverðarfundur um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Þann 20. febrúar 2013 var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, lögfestur á Alþingi Íslendinga. Í tilefni af lögfestingunni var efnt til tveggja morgunverðarfunda þar sem fjallað var um hvernig hægt verði að tryggja rétt allra barna á Íslandi óháð uppruna. Morgunverðarfundirnir voru haldnir á Grand hótél, sá fyrri 19. september og sá síðari 20. nóvember, en sá dagur er



einmitt afmælisdagur Barnasáttmálans og voru þá liðin 24 ár frá því að hann var samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Að fundunum stóðu Umboðsmaður barna, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg, Samtökin Móðurmál, Samtök kvenna af erlendum uppruna og Teymi um málefni innflytjenda, sem framkvæmdastjóri situr í fyrir hönd MRSÍ.

### Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin dagana 16. – 24. mars með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Á Íslandi voru skipulagðir viðburðir á alþjóðlegum degi gegn kynþáttamisrétti þann 21. mars. Slagorðið að þessu sinni var: *Hver segir að við þössum ekki saman?*

Merki ársins var hannað af Stefáníu Ósk Ómarsdóttur, meistaranema í teiknimyndagerð við IDEC-Universitat Pompeu Fabra í Barcelona. Merkið, sem þótti afar vel gert, var prentað á boli og bæklinga sem dreift var til þátttakenda og annarra áhugsamra.

Dagurinn hófst með hádegistónleikum Jafnréttisnefndar stúdentaráðs í Stúdentakjallaranum þar sem Friðrik Dór söng fyrir gesti og gangandi, og einnig var bæklingum með fræðslufni um kynþáttafordóma og kynþáttamisrétti dreift til gesta Stúdentakjallarans og nemenda á Háskólatorgi.

Mannréttindaskrifstofa hélt utan um viðburð seinna um daginn í Kringlunni. Þangað mættu ungmenni frá ýmsum deildum Rauða krossins og dreifðu bæklingum um kynþáttafordóma og fræddu fólk um málefnið. Einnig gáfu þau almenningi kost á það setja mark sitt á fingralistaverk og taka þátt leikjum tengdum fræðslu um kynþáttafordóma. Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS héldu ljósmyndasýningu sem sjálfboðaliðar höfðu unnið að með þema vikunnar að leiðarljósi.

### Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

**Merki Evrópuvikunnar var í ár hannað af Stefáníu Ósk Ómarsdóttur. Merkið var prentað á boli og bæklinga, sem síðan var dreift á vitundarvakningarviðburði Mannréttindaskrifstofunnar í Reykjavík og Akureyri.**

Grínistinn og Mið-Íslands meðlimurinn Jóhann Alfreð sá svo um að kynna bráðskemmtileg atriði fyrir gestum Kringlunnar og sjálfboðaliðum. Magadansarar frá Latin stúdíó sýndu dansatriði, hljómsveitin Soldiers of the Word söng nokkur lög, Ten Sing hópur frá KFUM og KFUK söng 37 lög í einu lagi og söngvarinn Alan Jones kom fram. Haffi Haff lokaði svo dagskránni með pompi og prakt og nýju frumsömdu lagi.

Á Akureyri var einnig haldið upp á daginn en þar stóðu sjálfboðaliðar frá KFUM og KFUK vaktina við alla innganga að Glerártorgi og dreifðu bæklingum til vegfarenda.

#### Pallborðsumræður um hlutverk frjálsra félagasamtaka í baráttu hinsegin fólks

Framkvæmdastjóri MRSÍ tók þátt í pallborðsumræðum á vegum Íslandsdeildar Amnesty International um hlutverk frjálsra félagasamtaka í baráttu hinsegin fólks og hvað slík samtök geti gert betur málstaðnum til framdráttar. Umræðurnar fóru fram sunnudaginn 21. apríl í kjölfar erindis Kasha Jacqueline Nabagesera, ötullar baráttukonu fyrir réttindum samkynhneigðra í Úganda.

#### Fundur mannréttindastofnana á Norðurlöndum

Jóna Pálmadóttir fór í lok apríl á fund sem Raoul Wallenberg stofnunin í Lundi í Svíþjóð stóð að, en fulltrúum mannréttindastofnana og umboðsmanna á öllum Norðurlöndunum var boðið á fundinn. Rætt var um Parísarreglurnar, hvort að Norðurlöndin væru að dragast aftur úr þegar kemur að vernd mannréttinda og hvort að breytinga væri þörf á hinu norræna módeli.

#### Grundtvig fundir í Kaupmannahöfn og Reykjavík

Mannréttindaskrifstofa tók þátt í Grundtvig samstarfsverkefni *Enhancing Legal Literacy Network*. Markmið þess er að auka skilning einstaklinga á innlendri löggjöf sem og alþjóðlegum samningum til þess að gera þeim kleift að átta sig á lagalegri stöðu sinni og gera þeim auðveldara fyrir að leita réttar síns. Verkefnið fólst í heimsóknum samstarfsaðila hvers til annars þar sem þeir miðluðu af reynslu sinni og þekkingu á fullorðinsfræðslu. Verkefninu lauk í september 2013.

Í maí 2013 fóru fulltrúar MRSÍ til Kaupmannahafnar á fund með samstarfsaðilum Grundtvig þar sem lögð var áhersla á löfræðiráðgjöf til innflytjenda sem sinnt er af CePi, Centre for Positive Integration. Starfsemi CePi var kynnt þátttakendum ásamt því að farið var til Nørrebro þar sem CePi hefur unnið mikla vinnu með þeim fjölþjóðlega hópi sem þar býr. Í júní var síðasti fundur verkefnisins haldinn í Reykjavík þar sem þátttakendum var kynnt starfsemi MRSÍ en einnig var þeim kynnt starfsemi Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Gerður var sameiginlegur bæklingur með helstu niðurstöðum verkefnisins og lokaskýrslu skilað í september.

#### Flóttamenn sem fórnarlömb pyndinga og ómannúðlegrar meðferðar

Framkvæmdastjóri var einn af þátttakendum í panelumræðum á þverfaglegri ráðstefnu um flóttamenn og pyndingar. Að ráðstefnunni stóðu Háskólinn í Reykjavík, Rauði krossinn og lögmannsstofan Réttur þann 15. maí 2013. Á ráðstefnunni voru á meðal frummælenda Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri RkÍ, Guðbrandur Árni Ísberg,

#### Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

**Mannréttindaskrifstofan hélt utan um vitundarvakningu í Kringlunni þar sem ungmenni úr ýmsum félagasamtökum buðu gestum að taka þátt í baráttunni gegn kynþáttamisrétti á ýmsan hátt, svo sem með fræðslu, skemmtun og leikjum.**



16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

**Einstaklingar og hópar skrifuðu greinar um kynbundið ofbeldi sem birtust í prent- og vefmiðlum dagana 25. nóvember til 10. desember 2013.**



sálfræðingur og María Rún Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu.

#### Hvað er í blýhólknunum?

Pann 29. maí tók framkvæmdastjóri þátt í umræðum um leikrit Svövu Jakobsdóttur: *Hvað er í blýhólknunum?* Umræðurnar voru hluti af gjörningi sem myndlistarmaðurinn Rui Vilela setti upp og snerust um gerð verksins og pólitískt samhengi þess á 7. áratugnum sem og hvert gildi þess er innan hins alþjóðlega myndlistarheims í dag sem vettvangur fyrir frekari umræðu um jafnrétti kynjanna.

#### Góð menntun er gulls ígildi – Innflytjendur með takmarkaða formlega menntun.

Framkvæmdastjóri sá um samantekt og sleit morgunverðarfundu um menntun innflytjenda 31. maí 2013. Fundurinn var liður í morgunverðarfundaröð um menntun innflytjenda í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjölmeningarseturs og Reykjavíkurborgar.

#### Fundur norrænna jafnréttisstofnana í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri hélt erindi á árlegum fundi jafnréttisstofnana á Norðurlöndunum sem haldinn var í Reykjavík 5. - 6. september 2013. Aðalumræðuefni fundarins var staða og hlutverk félagasamtaka í mannréttindabaráttu, og hatusorðræða í netmiðlum. Einnig voru kynntar nýlegar úttektir Norðmanna á skipulagi og stefnu þeirra hvað varðar jafnrétti kynjanna.

#### Málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki

Málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki var haldið 3. október á Grand Hótelu Reykjavíkur og stóð skrifstofan að því ásamt fjölda annarra félagasamtaka sem og velferðarráðuneyti. Á málþinginu var fjallað um nýjar íslenskar rannsóknir um ofbeldi gegn fötluðum konum, að öðlast vald yfir eigin lífi, og bættu þjónustu Stígamóta við fatlað fólk.

#### Jafnréttisþing 2013

Félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð boðuðu lögum samkvæmt til Jafnréttisþings 1. nóvember. Hlutverk þingsins er að efna til samræðu milli stjórnvalda og þjóðar um málefni kynjajafnréttis og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum. Fjallað var um fjölmargar hliðar jafnréttismála en megináhersla þingsins að þessu sinni var á jafnrétti á vinnumarkaði.

Framkvæmdastjóri stjórnaði málstofu um útvíkkun jafnréttishugtaksins og innleiðingu Evróputilskipana um jafna meðferð einstaklinga.

#### Ekkert hatur - No Hate Speech Movement

Í byrjun nóvembermánaðar tók Steinunn Pieper þátt í þremur ráðstefnum sem allar fjölluðu um hatusræðu, bæði á netinu og utan þess, og hvernig hægt er að stemma stigu við henni.

Fyrsta ráðstefnan var haldin á vegum ungmennaráðs Evrópuráðsins dagana 6. - 10. nóvember í Strasbourg í Frakklandi. Þar komu saman 160 manns hvaðanæva að úr Evrópu, og víðar, til að ræða og deila reynslu sinni af No

Hate Speech Movement, verkefni Evrópuráðsins sem á íslensku hefur fengið heitið *Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð*.

No Hate Speech Movement stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindi og fjölbreytileika og er til þess gert að sporna gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Mannréttindaskrifstofa er fulltrúi í landsnefnd átaksins, ásamt Heimili og Skóla, SAFT, Æskulýðsvettvanginum, Samfés og LÆF. Nefndin var skipuð af menntamálaráðuneytinu.

Upplýsingar um verkefnið og myndir af ráðstefnunni er að finna á [www.facebook.com/ekkerthatur](http://www.facebook.com/ekkerthatur)

Önnur ráðstefnan var haldin dagana 12. - 13. nóvember í Vilnius í Litháen á vegum stofnunar Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (European Union Agency for Fundamental Rights (FRA)). Á hverju ári stendur stofnunin fyrir ráðstefnu um grundvallarréttindi og á þeirri síðustu var 400 þátttakendum m.a. úr röðum sérfræðinga og stjórnmalafólks boðið til að ræða hatursglæpi og skuldbindingar ESB varðandi bann við mismunun. Rætt var hvernig innlendar og alþjóðlegar stofnanir geta stutt við frjáls félagasamtök sem veita þolendum hatursglæpa aðstoð. Einnig var bryddað upp á því nýnæmi að bjóða fólki sem upplifað hefur hatursglæpi að segja frá reynslu sinni, og gefa þeim þar með sterkari röddu.

Þriðja og loka ráðstefnan var einnig í Vilnius en hún var haldin af Próunarsjóði EFTA og Human Rights Monitoring

Institute í Litháen, í kjölfar ráðstefnu Evrópusambandsins. Á fundinum voru rædd mál er varða hlutverk Próunarsjóðsins, og áfram var rætt um hvernig best væri hægt að sporna við hatursræðu og hvert hlutverk hins almenna borgara ætti að vera á þeim vettvangi.

Í nóvember var framkvæmdastjóra skrifstofunnar boðið að flytja erindi á ráðstefnu um hatursorðræðu en í erindi sínu kynnti hún efni skýrslu skrifstofunnar um hatursorðræðu og þær tillögur sem þar koma fram um úrbætur. Ráðstefnan fór fram í Búdapest og var styrkt af þróunarsjóði EFTA. Próunarsjóður EFTA var stofnaður af Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja, og er eitt af markmiðum með sjóðnum að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu.

#### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Í ár líkt og undanfarin ár hélt skrifstofan utan um 16 daga átakið og tók einnig þátt í skipulagningu og framkvæmd þess. Þema ársins í ár var það sama og undanfarin ár - ofbeldi gegn konum í stríði og vopnuðum átökum - og var íslensk yfirskrift þess: *Heimilisfriður - heimsfriður*.

Líkt og í fyrra voru ýmsir viðburðir í tengslum við átakið, þar á meðal greinaskrif, en 17 einstaklingar og hópar komu að verkefninu. Skrifstofan stóð einnig að málþingi í samstarfi við Jafnréttisstofu, utanríkisráðuneytið, Rauða



#### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

**Magnea Marinósdóttir, Helga Þórólfsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steinunn Pieper og Hermann Ingólfsson fluttu erindi á málþingi um framlag íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðsátakasvæðum, en fundarstýra var Kristín Ástgeirsdóttir og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra setti þingið.**

**Yfirskrift málstoðu** **Framlag íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðsátaka svæðum**

kross inn á Íslandi og félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi undir yfirskriftinni *Framlag íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðsátaka svæðum*.

Allar greinarnar má finna í pdf formi á heimasíðu skrifstofunnar: <http://www.humanrights.is/media/16-daga-atak/16-daga-atak-Greinar-2013.pdf>

#### Uppskeruhátíð evrópskra samstarfsáætlana

Íslendingar hafa verið afkastamiklir þátttakendur í evrópskum samstarfsáætlunum síðastliðin 20 ár. Á Íslandi hefur um 145 milljónum evra verið úthlutað í styrki á vegum Evrópusambandsins frá árinu 2000.

Til að fagna árangri undanfarinna ára stóð Evrópusamvinna fyrir uppskeruhátíð í Hafnarhúsinu 22. nóvember sl. Mannréttindaskrifstofa Íslands var á staðnum og kynnti verkefni þau sem skrifstofan hefur unnið undanfarin ár með styrkjum frá PROGRESS.

Framlag íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðsátakasvæðum.

Mannréttindaskrifstofan, í samstarfi við utanríkisráðuneyti, Jafnréttisstofu, félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Rauða krossinn á Íslandi, stóð fyrir málþingi 13. desember 2013 sem lokapátt 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi það ár. Fundarstýra var Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra setti málþingið.

Á mælendaskrá voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, svæðisstýra UN Women í Evrópu og Mið-Asíu, Hermann

verkefnastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands, Magnea Marínósdóttir, alþjóðastjórn málafræðingur, og Helga Þórólfsdóttir, friðar- og átakasérfræðingur.

#### Auglýsingaherferð gegn mismunun

Skrifstofan stóð fyrir auglýsingaherferð gegn mismunun, eis og nokkur undanfarin ár, en í ár var hún með ögn breyttu sniði. Auk þess að vera með auglýsingarnar í útvarpi var svokölluðum vefborðum bætt við sem birtust á netmiðlum. Auglýsingin var tilbúin fyrir jól 2013 en til þess að hún týndist ekki í jólaflóðinu var hún sett í gang í janúar 2014.

Auglýsingaherferðin gekk undir nafninu „Það er ekkert EN“, sem tilvitnun í setningar eins og „Nú þekki ég fullt af þannig fólki, en ...“, þar sem áhersla var lögð á neikvæðar staðalmyndir og áhrif þeirra. Allar auglýsingarnar eru aðgengilegar á heimasíðu skrifstofunnar.

### Önnur samstarfsverkefni

Samstarfshópur varðandi réttarstöðu örorkulífeyrisþega sem búið hafa erlendis um endurhæfingarlífeyri o.fl.

Mannréttindaskrifstofan, Öryrkjabandalag Íslands, réttindagæslumaður fatlaðra í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, Halló Norðurlönd og Samband sveitarfélaga skipa starfshóp um búsetuskerðingar. Örorkugreiðslur almannatrygginga eru skertar vegna búsetu erlendis á einhverju tímabili starfsævinnar og einnig geta einstaklingar, sem búsettir hafa verið erlendis, lent í þeirri stöðu að fá eingöngu skertan örorku og/eða endurhæfingarlífeyri á Íslandi og engar greiðslur erlendis frá. Hlutverk samstarfshópsins er að leita úrbóta og vekja athygli á stöðu þessarra einstaklinga.

„NÚ ER ÉG AUÐVITAÐ ENGINN RASISTI EN...“

**ÞAÐ ER EKKERT EN.**

Mismunun er staðreynd. Berjumst gegn henni og fögnum fjölbreytileikanum.

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

EU PROGRESS PROGRAMME

Ingólfs  
utanrík

issviðs  
Pieper,

#### Auglýsingaherferð gegn mismunun

##### Dæmi um texta í útvarpsauglýsingu:

Nú er ég auðvitað enginn rasisti en... ég hef bara heyrt svo margar slæmar sögur af því hvernig þetta fólk t.d. mætir í vinnu. Þetta eru bara svo ólíkir menningarheimar...“

**Pulur: „Það er ekkert EN. Mismunun er staðreynd. Berjumst gegn henni og fögnum fjölbreytileikanum.**

**Framlag til fundar og málstofu Progress-áætlunin.“**

Óskað var eftir að framkvæmdastjóri sæi um fundarstjórn á ýmsum fundum á árinu.

- Morgunverðarfundur um menntun innflytjenda, liður í morgunverðarfundaröð um menntun innflytjenda í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambandsíslenskrasveitarfélaga, Fjölmenningsseturs og Reykjavíkurborgar.
- Málstofa á Jafnréttisþingi félags- og húnsæðismálaráðherra og Jafnréttisráðs. Málstofan hét: *Útvíkkun jafnréttishugtaksins: innleiðing Evróputilskipana um jafna meðferð einstaklinga.*

## Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofa sinni ýmis konar fræðslu um mannréttindi svo sem verið hefur. Meðal annars voru haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og nemendur úr grunnskólum sem sóttu skrifstofuna heim. Starfsmenn skrifstofunnar fóru einnig af bæ og kynntu starfsemi skrifstofunnar og mannréttindi fyrir öðrum aðilum, m.a. vinnuhóp bæjarstjórnar á Akranesi sem vann að gerð jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Einnig var haldinn fyrirlestur um innflytjendamál og mannréttindi fyrir þátttakendur í jafningjafraðslunámskeiðum W.O.M.E.N. Framkvæmdastjóri kenndi nemendum í leiðsögunámi Endurmenntunar HÍ um lagaumhverfi innflytjenda og starfsumhverfi skrifstofunnar. Auk þessa voru haldin námskeið um mismununartilskipanir ESB og lagaumhverfið á Íslandi, fyrir ýmis félagasamtök og stofnanir. Mismununarnámskeiðin voru styrkt af PROGRESS áætlun ESB.

## Fjölmíðlar og opinber umræða

Að venju leituðu fjölmíðlar talsvert til Mannréttindaskrifstofu vegna mannréttindamála og framkvæmdastjóri skrifaði greinar í dagblöð til að vekja athygli á mannréttindamálum. Framkvæmdastjóri veitti einnig viðtöl, m.a. um stöðu erlendra kvenna á Íslandi, innflytjenda- og hælisleitenda mál, búsetuskerðingar o.fl.

## Styrkir til rannsókna og fleira

### PROGRESS

Mannréttindaskrifstofan hélt utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB fyrir árin 2012-2013 á Íslandi og var það í fimmta sinn sem skrifstofan tekur það að sér. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagn til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð.

Velferðarráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS héraendis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar eru að auka samkeppnishæfni evrópsks vinnumarkaðar með áherslu á þekkingariðnað, skapa fleiri og betri störf innan Evrópu og stuðla að samfélagi án mismunar.

Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélagi, jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstaka áherslu á

### Mannréttindafræðsla

**Nemar af öllum skólastigum sóttu skrifstofuna heim til að fá þar fræðslu um mannréttindi, og skrifstofan stóð einnig fyrir fræðslu á ráðstefnum af ýmsu tagi.**





- ORÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ

## ÞAÐ ER EKKERT EN.

Mismunur er staðreynd. Berjumst gegn henni og fögnum fjölbreytileikanum.

Mannréttindaskrifstofa tekur þátt í verkefni gegn hatursorðræðu á netinu og stóð fyrir vitundarvakningu í útvarps- og vefmiðlum gegn mismunum.

að vinna gegn mismunum vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna eða kynþáttar og fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmyndarverkefni. Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað er um jafna meðferð launþega og starfsmanna. Styrkt verkefni fyrir árið 2013 voru fjölbreytt, t.d. verðlaunasamkeppni um merki Evrópuviku gegn rasisma, auglýsingaherferð í útvarpi og á samfélagsmiðlum, gerð stefnumarkandi áætlunar í mannréttindamálum hjá Akranes kaupstað, rannsókn á fjölþættri mismunum á vinnumarkaði, námskeið um mismunum fyrir stofnanir og sveitarfélög, kannanir, ráðstefnur og skýrslugerð.

### Grundtvig fundir í Kaupmannahöfn og Reykjavík

Mannréttindaskrifstofa tók þátt í Grundtvigsamstarfsverkefni *Enhancing Legal Literacy Network*. Markmið þess var að auka skilning einstaklinga á löggjöf bæði innlendri sem og alþjóðlegum samningum til þess að gera þeim kleift að átta sig á lagalegri stöðu sinni og gera þeim auðveldara fyrir að leita réttar síns. Verkefnið fólst í heimsóknum samstarfsaðila hvers til annars þar sem þeir miðluðu af reynslu sinni og þekkingu á fullorðinsfræðslu. Í maí 2013 fór framkvæmdastjóri á fund í Kaupmannahöfn þar sem starfsemi Centre for Positive Integration (CePI) var kynnt. Í júní var síðasti fundurinn haldinn, og var Mannréttindaskrifstofa gestgjafinn. Starfsemi skrifstofunnar var kynnt, sem og starfsemi Kvinnaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Gerður var sameiginlegur bæklingur með helstu niðurstöðum

verkefnisins og lokaskýrslu skilað í september, en þá lauk þessu tveggja ára verkefni.

### Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar

Þann 11. nóvember gaf MRSÍ út rit um hatursorðræðu á heimasíðu sinni. Ritinu er ætlað að vera yfirlit yfir hatursorðræðu og hatursáróður, ástand mála hér á landi og löggjöf landsins er lýtur að þessum málum. Auk þess er fjallað um alþjóðlega löggjöf um hatursáróður og aðgerðir til þess að sporna gegn honum með vitundarvakningu og fræðslu um fjölbreytileika samfélagsins. Að lokum er fjallað um samspil tjáningarfrelsisins og bann við hatursáróðri og því varpað upp hvor þörf sé á endurskoðun laga hér á landi í tengslum við hatursáróður og hatursorðræðu og því að stjórnvöld marki sér heildstæða stefnu til þess að berjast gegn honum.

Ritið var styrkt af innanríkisráðuneytinu.

## Skýrslur

Skrifstofan skrifaði engar sjálfstæðar opinberar skýrslur þetta árið en kom hinsvegar að gerð þriggja slíkra.

Mannréttindaskrifstofa kom að verkefninu *The Role of the EU in Human Rights Reform* en lokaskýrsla verkefnisins kom út í febrúar. Verkefnið var á vegum COST rammaáætlunarinnar sem styrkir samvinnu vísindamanna og rannsakanda í Evrópu. Verkefnið sem unnið var af ýmsum mannréttindastofnunum, aðilum að AHRI (samtök mannréttindastofnana, e. *Association of Human Rights Institutes*), laut að því að skoða helstu afrek, veikleika og göt í mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna ásamt því að skoða hvort Evrópusambandið og aðildarríki þess hafi styrkt



það að einhverju leyti. Í skýrslunni er greining á þessu ásamt því að lagðar eru fram nokkrar tillögur til úrbóta.

Í mars lagði skrifstofan hönd á plóg við gerð skýrslu fyrir Íslands hönd um aðgengi að sérstökum stuðningsúrræðum fyrir konur með fötlun sem eru eða hafa verið þolendur ofbeldis (e. *Access to Specialised Victim Support Services for Women with Disabilities Who Experience Violence*). Skýrslunni er ætlað að gefa greinargott yfirlit yfir löggjöf, stefnur og áætlanir og stofnanir sem snerta ofbeldi gegn konum með fötlun á Íslandi,

Austurríki, Bretlandi og Þýskalandi og er styrkt af Daphne III áætlun Evrópusambandsins. Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum sá um ritun skýrslunnar fyrir Ísland og laut framlag MRSÍ að upplýsingum um löggjöf, stefnur og áætlanir.

Í september annaðist MRSÍ yfirlestur á drögum að skýrslu um stöðu ríkisfangslausra á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum sem unnin var af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands í samstarfi við umdæmisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.



#### Próunarstjóður EFTA

Framkvæmdastjóri kynnrir EFTA styrki fyrir íslenskum félagasamtök.



Uppskeruhátíð evrópskra samstarfsáætlana

Skrifstofan kynnti verkefni sem hún hefur unnið undanfarin ár með styrkjum frá PROGRESS.

# ERLENT samstarf

Mannréttindaskrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan að auki meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er auk þess fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

## Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr Human Rights Education Project. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinnna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

## The Association of Human Rights Institutes

Hin árlega AHRI - COST ráðstefna fór fram í Kaupmannahöfn í september en var ekki sótt af hálfu MRSÍ að þessu sinni. Formaður er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnuninnar. Eftirfarandi 47 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbía
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and

Mannréttindaskrifstofa Íslands er m..a. meðlimur UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnandi þeirra samtaka.



- Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
  11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
  12. Human Rights and Globalization Research Group,
  13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
  14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
  15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi
  16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
  17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
  18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
  19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
  20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
  21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
  22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finlandi
  23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
  24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
  25. Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC) Bozen/Bolzano, Ítalíu
  26. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
  27. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
  28. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
  29. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
  30. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
  31. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
  32. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
  33. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
  34. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
  35. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
  36. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
  37. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
  38. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
  39. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
  40. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
  41. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
  42. The Human Rights Program of the Legal Studies Department, Central European University, Ungverjalandi
  43. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
  44. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
  45. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
  46. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
  47. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi

## Sameinuðu þjóðirnar

### Heimsmeistari í kynjajafnrétti?

Þann 23. maí 2013 kom vinnuhópur Sameinuðu þjóðanna um mismunun gagnvart konum í löggjöf og framkvæmd í heimsókn til Íslands. Hópurinn óskaði eftir að hitta ýmsa sérfræðinga hér á landi, m.a. framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Af því tilefni sendi framkvæmdastjóri grein í Fréttablaðið um heimsókn hópsins og bráðabirgðaniðurstöður hans undir heitinu „Heimsmeistari í kynjajafnrétti?“.

Hópurinn taldi að hér á landi væri staðan góð en ekki væri rúm fyrir slökun og úrbóta væri þörf á vinnumarkaði og hvað varðaði kynbundið ofbeldi.

## Evrópuráðið

### Ekkert hatur - No Hate Speech Movement

No Hate Speech Movement er verkefni á vegum Evrópuráðsins, og er mest öll framkvæmdin í höndum ungmennaráðsins. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika og er til þess gert að sporna gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu.

Mannréttindaskrifstofa er fulltrúi í Landsnefnd átaksins, ásamt Heimili og Skóla, SAFT, Æskulýðsvettvanginum, Samfés og LÆF, en nefndin var skipuð af menntamálaráðuneytinu. Í byrjun nóvember 2013 tók fulltrúi skrifstofunnar þátt í þremur ráðstefnum sem allar fjölluðu um hatursræðu, bæði á netinu og utan þess, og hvernig hægt er að stemma stigu við henni. Slagorð verkefnisins á Íslandi er *Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð*,

og hægt er að fylgjast með framgangi þess á [www.facebook.com/ekkert hatur](http://www.facebook.com/ekkert-hatur).

## Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-discrimination and diversity training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmennningar og jafnréttis og íslenski löggjöf gegn mismunun.

## Norrænt samstarf

### Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. Mannréttindaskrifstofa er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.



### Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum. Síðasti fundur var hadlinn í lok apríl hjá Raoul Wallenberg stofnuninni í Lundi, Svíþjóð. Á fundinum voru fulltrúar mannréttindastofnana og umboðsmenn frá öllum Norðurlöndunum, en efni fundarsins var Parísarreglurnar og hvort Norðurlöndin væru að dragast aftur úr, og hvort að breytinga væri þörf á hinu norræna módeli.

### Þróunarsjóður EFTA

Þróunarsjóður EFTA var stofnaður af EFTA ríkjunum þrem, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af þrem styrkveitanda ríkjunum.

Mannréttindaskrifstofa heldur utan um þá hlið sjóðsins er snýr að frjálsum félagasamtökum. Á árinu var starfsfólki skrifstofunnar boðið á tengslamyndunarfundi í 9 löndum - Búlgaríu, Slóveníu, Portúgal, Tékklandi, Rúmeníu, Póllandi, Ungverjalandi, Lettlandi og Litháen - á vegum Þróunarsjóðsins. Þar flutti starfsfólk erindi um starfsemi skrifstofunnar annarsvegar og starfsemi frjálsra félagasamtaka á Íslandi hinsvegar. Að auki var framkvæmdastjóra boðið til Búdapest í nóvember þar sem hún sat ráðstefnu um hatursáróður og kynnti efni skýrslu skrifstofunnar um hatursorðræðu og þær tillögur sem þar koma fram um úrbætur. Jóna flutti einnig erindi um hatursorðræðu á fundi sem styrktur var af þróunarsjóði EFTA í Lettlandi.

Á tengslamyndunarfundum var rætt um samstarf við fjölmörg samtök. Meðal annars hefur MRSÍ samþykkt að taka þátt í verkefnum sem sum hver eru farin af stað, en enn er óljóst um hvort styrkir fáiast í önnur.

Einnig hafa hópar og einstaklingar frá frjálsum félagasamtökum í hinum mismunandi löndum komið í heimsókn á skrifstofuna og til annarra félagasamtaka á Íslandi til að fræðast um íslenskar aðstæður og störf félagasamtaka, en oftast er haft samband fyrst við skrifstofuna og starfsfólk aðstoðar þá við að koma á fundum milli áhugasamra aðila.



### Hatursorðræða

**Jóna Pálmadóttir kynsir skýrslu skrifstofunnar um hatursáróður í Lettlandi, en fundurinn var styrktur af Þróunarsjóði EFTA.**

## Landamærostofnun Evrópu - FRONTEX

Óháð eftirlit með framkvæmd Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávísun hælisleitenda frá Íslandi

Í maí óskaði Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra eftir því við framkvæmdastjóra MRSÍ að skrifstofan tæki að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila (Human Rights Monitor) með framkvæmd frávísunar Króata sem óskað höfðu eftir hæli hér á landi en Útlendingastofnun hafði í öllum tilvikum hafnað umsókn þeirra.

Framkvæmdastjóri fór með fulltrúum Alþjóðadeildar RLS þegar þeim hópi króatísku hælisleitendanna (og talsmönnum þeirra), sem kært höfðu ákvörðun Útlendingastofnunar til innanríkisráðuneytis og óskað eftir frestun réttaráhrifa hennar, var birt niðurstaða ráðuneytisins í málum þeirra.

Jafnframt sat hún fundi þar sem hópnum voru veittar upplýsingar um dagsetningu fylgdar, hvernig framkvæmd yrði háttað og önnur atriði því tengd sem gæta skyldi að.

Starfsmaður skrifstofunnar fór síðan með þegar sjálf frávísunin fór fram. Var flogið með hælisleitendurna til Zagreb og þeim fylgt í gegnum flugstöðina. Í desember hafði Alþjóðadeild RLS samband við skrifstofuna á ný og óskaði eftir samstarfi okkar við frávísun hóps hælisleitenda frá Albaníu sem við samþykktum.

Í síðara verkefninu voru fulltrúar frá Landamærostofnun Evrópu (FRONTEX) með í för og leist þeim svo vel á störf starfsfólks skrifstofunnar að þeir óskuðu eftir að fá það til samstarfs við sig í frávísunarverkefni FRONTEX á hópi hælisleitenda frá Albaníu sem senda átti frá Frakklandi.

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúi í Landsnefnd átaks Evrópuráðsins um hatursorðræðu, No Hate Speech Movement. Hægt er að fylgjast með verkefninu á Íslandi á Facebook síðu þess: [www.facebook.com/ekkerthatur](http://www.facebook.com/ekkerthatur)

